

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 133/501  
komudagur 1.12.2006

30. nóvember 2006  
Tilvísun: 2006110084

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 374. mál.**


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 24. nóvember 2006, þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd óskar eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 374. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Jonas Fr. Jónsson

  
Kristín A. Birgisdóttir

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2006

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 374. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingin felst í því að nýr málsliður bætist við 3. mgr. 36. laganna um að lífeyrissjóði verði heimilt að taka við greiðslu frá bakábyrgðaraðila inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með óskráðum verðbréfum.

Landssamtök lífeyrissjóða gera ekki athugasemd við umrædda breytingu á lögununum, en vilja benda á að mikil þróun hefur verið á fjármálamarkaði undanfarin misseri og ár. Starfsumhverfi fagfjárfesta hefur breyst verulega og miklu skiptir að þeir fylgist vel með þeim tækifærum sem eru á markaði á hverjum tíma svo þeir nýti sem best þá fjárfestingarkosti sem bjóðast. Þetta á ekki síður við um lífeyrissjóði en aðra fagfjárfesta. Þar kemur margt til eins og veruleg aukning á eignum lífeyrissjóðanna, stórauknar lífeyrisskuldbindingar og nýir fjárfestingarkostir. Þar sem lífeyrissjóðirnir fjárfesta að verulegu leyti til langs tíma og um er að ræða háar fjárhæðir munar verulega um hvert prósentubrot í ávöxtun. Því er afar mikilvægt að þær reglur sem sjóðunum er gert að starfa eftir takmarki í engu svigrúm þeirra umfram það sem eðlilegt og nauðsynlegt kann að þykja í ljósi eðli starfsemi sjóðanna.

Því verður sú spurning sífellt áleitnari hvort ekki sé rétt að útfærslur á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðanna séu settar í reglugerð í stað laga eins og nú er. Eftir sem áður kann að vera eðlilegt að hafa í lögum þau grundvallarviðmið sem byggja skal á. Fulltrúar Landssamtaka lífeyrissjóða eru reiðubúnir að skýra frekar fyrir nefndinni sjónarmið samtakanna varðandi slíka breytingu.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA





Lífeyrissjóður bænda  
Bændahöllinni við Hagatorg  
107 REYKJAVÍK  
Kt. 670172-0589

Sími 563 0300  
Fax 561 9100

Nefndasvið Alþingis,  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/331*  
*komudagur 27.11.2006*

Reykjavík, 27. nóvember 2006

**Efni: 374. mál, Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, lagaákvæði um skuldabréfaeign lífeyrissjóða.**

Vísað er til bréfs, dags. 24. nóvember 2006, þar sem óskað er umsagnar Lífeyrissjóðs bænda um framangreint frumvarp.

Lífeyrissjóður bænda gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta enda snertir það ekki starfsemi lífeyrissjóðsins.

Virðingarfyllst,  
**Lífeyrissjóður bænda**

  
Sigurbjörg Erla Ásastir  
frákvæmasastföri

**Alþingi**  
Erindi nr. P 133/489  
komudagur 1.12.2006



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 1. desember 2006

Lífeyrissjóðirnir Bankastræti 7 þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar 374. mál þingsins, skuldabréfaeign lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðirnir hafa skoðað frumvarpið og geta mælt með samþykkt þess.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt munu lífeyrissjóðir sem það tekur til hafa rýmri heimildir en nú er til að taka við óskráðum verðbréfum sem tryggð eru með ríkisábyrgð þegar bakábyrgðaraðilar greiða inn á skuldbindingar sínar. Þessi rýmkaða heimild sjóðanna til að taka við óskráðum bréfum er takmörkuð við einn flokk verðbréfa, sbr. 1. tl. 1. mgr. 36. l. 129/1997, og ákveðin tilefni afhendingar þeirra.

Þegar má finna nokkuð sambærilegar heimildir í lögum nr. 129/1997, sbr. 8. mgr. 36. gr. laganna og 2. og 3. mgr. bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum. Því er e.t.v. tilefni fyrir efnahags- og viðskiptanefnd að taka til skoðunar hvort efnisákvæði frumvarpsins eigi frekar heima á öðrum stað í lögnum en þar er lagt til, t.d. sem nýr málslíður í 8. mgr. 36. gr., og þá með breyttu orðalagi.

Virðingarfyllst



f.h. framkv.stj.

Stefán Árni Auðólfsson hdl.

Alþingi  
Erindi nr. P 133/542  
komudagur 4.12.2006

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 4. desember 2006 2006110424  
T-ums 16/06


**Umsögn um 374. mál, frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða**

Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 24. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 408, um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til ákveðið frávik frá takmörkunum lífeyrissjóða til eignarhalds á skuldabréfum sem tryggð eru með ríkisábyrgð en ekki eru skráð á skipulegum markaði. Ríkisskattstjóri lítur svo á að frumvarpið gefi ekki tilefni til athugasemda af hans hálfu.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Jarni Amby Lárussón

  
Sigurjón Högnason



Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/543  
komudagur 4. 12. 2006

4. desember 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 24. nóvember 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 374. mál, skuldabréfaeign lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu er lögð til viðbót við 36. gr. ofangreindra laga en ákvæðið fjallar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og kemur þar fram að lífeyrissjóðum sé heimilt að ávaxta fé sitt með þeim hætti sem nánar er tilgreint í greininni.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið en mælir þó með að frekari frávík verði ekki frá 3. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar



Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi  
Erindi nr. P 133/610  
komudagur 7.12.2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið  
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg  
Borgartúni 21, 2. hæð  
IS-105 Reykjavík  
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 05.12.2006  
Tilv. 2005/0037 - 2.0  
GT


**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 374. mál, frv. til laga um breyting á lögum nr. 129/1997 um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, skuldabréfaeign lífeyrissjóða (133. löggj.þ.)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 24. nóvember sl., um ofangreint þingmál.

Meðal hlutverka talsmanns neytenda er skv. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, stuðla að aukinni neytendavernd og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af því takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Ég hef ekki áður gefið umsögn um drög að frumvarpi þessu en geri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum